

B.t Gunnars Einarssonar

Erindi til bæjarráðs Garðabæjar

Sendi þetta erindi í framhaldi af fundi sem ég átti með Gunnar Einarsyni bæjarstjóra.

Í vor barst okkur það til eyrna að Stjarnan ætlaði ekki að bjóða upp á blakstarf hjá sér á komandi vetri og þar með skilja eftir fjöldan allan af iðkendum í lausu lofti. Við hjá UMF Álftanes fórum þá á stað með það skoða og sjá hvort þetta væri ekki gott tækifæri fyrir svona lítið samfélag eins og Álftanes er að bjóða fyrrum Stjörnu blökurum að koma til okkar og byggja upp öflugt blakstarf hér í vesturbæ Garðabæjar. Í sumar hefur farið mikill tími hjá undirrituðum ásamt öðru góðu fólki hjá UMFÁ í að samræma og funda með öllu því góða fólki sem spilaði blak hjá Stjörnunni. Í dag er það þannig að allt þetta góða fólk er komið til liðs við Álftanes og telur þessi fjöldi nærri 100 manns.

Til liðs við okkur höfum við ráðið þrjá mjög færa þjálfara, Zdravko sem hefur séð um alla blak þjálfun á Álftanesi síðustu 5 ár, Matt sem þjálfaði Stjörnuna í fyrra og Joanna sem verður aðstoðarþjálfari þeirra beggja.

Álftanes er með skráð úrvaldsdeildarlið í Mizunu deildinni sem er efsta deild blaks á Íslandi með bæði karla og kvenna lið, ásamt því að vera með skrá meistaraflokks lið kvenna í 1. 2. 3. og 5 deild. Karla megin erum við svo einnig skráð meistaraflokkslið í 2. og 3 deild.

Allt kostar þetta mikla peninga að fara að spila blak í efstu deildum með leikmenn sem slegist er um. Höfum við gert ítarlega rekstraráætlun sem sýnir að heildar kostnaður við blakstarfið nemur upp tíu-milljónum. Við endurnýjun á samningi við Garðabæ er ekki gert ráð fyrir þessu en teljum við okkur vera búin að finna hinar ýmsu leiðir til að afla fjár í verkefnið, en enn vanar upp 4,9 milljónir til að loka fjárlagagatinu.

Samkvæmt ársreikningi Stjörnnunnar fyrir árið 2015, þá eru styrkir og framlög Garðabæjar til reksturs meistaraflokka í efstu deild blakstarfs Stjörnnunnar í gegnum afrekssjóð u.þ.b 6,9 milljónir.

Varðandi barna og unglinga starf þá er ætlunin að byrja nú í haust á því að bjóða upp á krakkablað í námskeiðaformi til að kanna áhuga á blaki, eins og þekkt er víða úti á landi og í minni samfélögum þá er það tilhneiging að krakkar byrja að spila blak eftir að þau detta úr öðrum íþróttum og er því gott tækifæri fyrir okkur að bjóða upp á eitthvað annað en fótbolta og halda í fjölbreytnina.

Ég veit að það eru alveg hægt að gera betur í að afla peninga í verkefnið en þegar starfið er svona nýtt og ekki búið að sanna sig þá er erfitt að draga auglýsendur og styrktaraðila að borðinu.

Föllum við því á leit við bæinn og óskum eftir því að fá viðbótarstyrk í þetta verkefni okkar, óskum við eftir því að bæinn veiti okkur amk þrjár milljónir í styrk til að klára þetta blaktímabil og gert verði ráð fyrir 6 milljónum króna hækkun á samningi við UMFÁ til að halda úti öflugum blakstarfi í Garðabæ næstu árin, bæði hvað varðar meistaraflokka og ekki síður að efla barna og unglingastarf.



Guðjón Þorsteinsson

Formaður UMFÁ

Rekstraráætlun Blakdeildar Álftanes 2018-19

Gjöld	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái	Samtals
Laun	550	550	550	550	550	550	550	550	550	4.950
Ferðakostnaður KK			600			600				1.200
Ferðakostnaður KVK		600	600				600			1.800
Mótsgjald			1.210							1.210
Bikarkeppni				400						400
Bikarkeppni mótsgjald			150							150
BLÍ-gjald				240						240
Búningar		400								400
Annar kostnaður	30	30	30	30	30	30	30	30	30	270
										0
Samtals	580	1.580	3.140	1.220	580	1.180	1.180	580	580	10.620

Tekjur	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái	
Æfingagjöld KK		300	200				300	200		1.000
Æfingagjöld KVK		600	400				600	400		2.000
Auglýsingar búningar			250			250				500
Auglýsingar annað		250			250					500
Fjárafánir			350					350		700
UMFÁ sjóður M.flokka			500				500			1.000
Samtals	0	1.150	1.700	0	250	250	1.400	950	0	5.700

Cash flow	-580	-430	-1.440	-1.220	-330	-930	220	370	-580	-4.920
-----------	------	------	--------	--------	------	------	-----	-----	------	--------

Staða sjóðs	-580	-1.010	-2.450	-3.670	-4.000	-4.930	-4.710	-4.340	-4.920	
-------------	------	--------	--------	--------	--------	--------	--------	--------	--------	--